

1864.

6. júlí.

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á landskuld af Undirhrauni.

Í bréfi 18. dag marzm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að Sveinn Sveinsson, ábúandi á fjórða partinum af jörðinni Undirhrauni, er heyrir undir Kirkjubæjar klausturs umboð, hafi árið sem leið rífið öll húsin á jarðarparti þessum, og síðan flutt þau og byggt upp aptur á öðrum stað óhultari; hafið stjórnarráðið þegar í bréfi sínu 24. desemberm. 1858 heitið honum í þessu skyni eptirgjöf á eins árs landskuld; en með því flutningur húsanna hefir kostað ábúandann töluvert, bæði fé og vinnu, þá hafið þér lagt það til, að eptirgjöf þessi verði veitt honum í tvö ár, svo sem hann hafið beðið um og hlutaðeigandi umboðsmaður mælt með; hafið þér og getið þess, að landskuld þessi fyrir árin 1863—64 og 1864—65 sé aðeins að upphæð 3 rd. 12 sk. hvort árið, er hún sé 20 álnir, og 10 álnir þaraf borgaðar eptir meðalverði allra meðalverða, en 10 álnir með 8 sk. hver alin.

Í þessu efni skal yður til vitundur gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörrið það, að dómsmálastjórnin veitir það, sem hér er um beðið, þó með því skilyrði, sem tiltekið er í bréfi stjórnarráðsins, dags. 24. desemberm. 1858, að það sé sannað með lögmætri skoðunargjörð, að hin nýju hús séu óaðfinnanlega byggð, og ber að senda stjórnarráðinu eptirrit af þeirri skoðunargjörð.

8. júlí.

59. Konungsbréf til stiptamtmannsins yfir Íslandi, til svars ávarpi frá embættismönnum og borgurum í Reykjavík útaf konungaskiptunum¹.

Kristján hinn Níundi o. s. frv. Vora einstaklega hylli! Dómsmálastjórnarráðgjafi Vor hefir fyrir Oss lagt þegnlegt ávarp,

¹) Sjá Þjóðólf 16. ár, 37.—38. blað.

er þú hefir sent frá nokkrum borgurum og embættismönnum í Reykjavík útaf konungaskiptunum.

1864.

8. júlí.

Hollusta sú og traust, sem er yfir lýst í ávarpi þessu, hefir verið oss kær vottur þess, að enn helzt ást sú og hollusta við konungsættina, sem ávallt hefir að erfðum gengið á Íslandi, og með gleði höfum Vær sæð yfirlýsing þeirra tilfinninga, sem hin þungu forlög, er föðurlandið á við að búa, hafa vakið hjá mönnum.

Vær bjóðum þér því að flytja þeim mönnum þakkir Vorar, er hafa til Vor talað í ávarpi þessu, og seg þeim enn framar þau orð Vor, að heill Íslands liggi Oss ríkt á hjarta, og að Vær skulum leitast við að sjá og framfylgja hag landsins, einkum með því: svo fljótt, sem auðið er, að koma því skipulagi á stjórnarmálefni Íslands, sem hinn há sæli fyrirrennari Vor í konungstigninni hafði haft þann undirbúning að, sem um er rætt í allrahæstri auglýsing til alþingis 8. dag júním. f. á. Þannig framkvæmist Vor vilji. Felandi þig guði!

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 8. dag júlímán. 1864.

Christian R.

Casse.

60. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.

9. júlí.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er stjórnarráðinu bærust með bréfi yðar 8. f. m., um það, hvernig úthluta skyldi þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestaekku sérilagi: